



Birgir Kjaran, alþm.:

VERZLUNARBANKINN og þróun bankamálanna

Í umræðum á Alþingi nú fyrir skömmu, um stofnun verzlunarbanka Íslands hf., rakti Birgir Kjaran, í stórum dráttum, sögu bankamálanna á Íslandi. Og ræddi síðan sérstaklega um Verzlunarsparisjóðinn og hugmyndina um stofnun verzlunarbanka. Fer hér á eftir meginhluti ræðu Birgis við umræðurnar og fjallar hann um áðurnefnd mál.

Sökum þess að nú er hér til umræðu frumvarp til laga um stofnun sérstaks verzlunarbanka má til gamans geta þess, að saga bankamálanna á Alþingi hefst einmitt með því að árið 1853 barst þinginu uppástunga frá kaupmanni einum í Reykjavík um stofnun veðbanka fyrir Ísland, og var henni vísað til nefndar, sem átti að gera tillögur til úrbóta á peningaskortinum í landinu. Af frekari framkvæmdum varð þó ekki um sinn. Fyrstu peningastofnunum landsmanna var svo sem kunnugt er hleypt af stokkunum töluvert síðar. Það var „Sparisjóður Múlasýslna“ á Seyðisfirði, sem tók til starfa árið 1868, en hætti eftir tvö ár og svo „Sparisjóður Reykjavíkur“, sem stofnað var til 1872, en sameinaðist síðar Landsbankanum. Þá kom Sparisjóður Siglufjarðar til sögunnar 1873 og starfar hann enn í dag með fullum blóma og er elzta peningastofnun landsins. — En eiginlegir bankar voru þetta samt ekki. —

Stofnun Landsbankans

Um slíka starfsemi er ekki að ræða hér á landi fyrr en lögin um Landsbanka Íslands voru samþykkt árið 1885 og hérlandis hefst því bankastarfsemin í júlímánuði árið 1886, en þá opnaði Landsbankinn afgreiðslu sína. Á komandi hausti eru þess vegna liðnir þrír aldarfjórðungar frá því lögin um fyrsta íslenska bankann voru samþykkt hér á Alþingi.

Í fyrstu Landsbankalögunum voru ákvæði um tilgang bankans, sem orðaður var svo, með leyfi hæstvirts forseta: „að greiða fyrir peningaviðskipt-

um í landinu og að styðja að framförum atvinnuveganna.“ Þessi hefur og verið raunverulegur tilgangur allra banka sem síðan hafa tekið til starfa í landinu, hverju nafni, sem þeir nefnast. Landsbankinn var frá upphafi eign landssjóðs, þ. e. a. s. ríkisbanki. Landssjóður lagði honum til stofnfé, landssjóðsseðlana, en bar þó ekki ábyrgð á rekstri bankans fram yfir þetta seðlalan, — ábyrgðin var takmörkuð. — Með lögum var Landsbankanum frá upphafi veitt undanþága frá tekjuskatti og útsvari og mun þangað að rekja þá reglu sem síðan hefur haldizt næsta óslitið í íslenskri bankalöggjöf og myndar hefð í skattamálum, þótt sú tilhögun kunni að orka tvímælis. Landsbankinn var því upphaflega ríkisbanki með takmarkaðri ábyrgð landssjóðs og ótakmörkuðu skattfrelsi. Síðar varð svo sú breyting á, sem nú er í gildi, að ábyrgð ríkissjóðs varð ótakmörkuð.

Mismunandi rekstrarform

Næsti áfanginn í bankasögu landsins var stofnun Íslandsbanka. Var það gert með lögum nr. 11 frá 17. júní 1902. Gerðu lögin ráð fyrir myndun hlutafélagsbanka. Stofnunin gekk fremur treglega. Var stofnfundur haldinn í Kaupmannahöfn 25. sept. 1903, en til starfa tók bankinn ekki fyrr en 7. júní 1904. Lítið fékkst af íslenzku fjármagni í hlutfjárframlögum. Megnið af hlutafénu kom frá danska Privatbanken og norska Centralbanken og dönsku einkafyrirtæki. Íslenzka ríkið hafði rétt til að kaupa ákveðið magn af hlutabréfum en notfærði sér aldrei þann rétt. Bankinn var að mestu skattfrjáls nema hvað hann átti sem endurgjald fyrir að hafa rétt til seðlaútgáfu að greiða landssjóði 10% af arði sínum, þegar 4% arður hefði verið greiddur til hluthafa. Íslandsbanki var því hlutafélag, einkabanki, þar sem megnið af stofnfénu var erlent fjár-

magn, og naut takmarkaðra skattfríðinda. Stafaði takmörkunin á skattfríðindunum þó ekki af því að erlent fjármagn væri í bankanum, heldur var hún afleiðing seðlautgáfu-sérrettindanna.

Þegar Íslandsbanki hættir störfum árið 1930 og Útvegsbanki Íslands hf. er stofnaður með lögum nr. 7 frá 11 marz 1930, þá kemur enn eitt rekstrarformið til sögunnar, því að Útvegsbanki Íslands hf. er að visu hlutafélag, en af 7 milljón króna stofnfé hans á ríkissjóður 4 milljónir eða meirihluta fjármagnsins. Einnig Útvegsbankinn hf. naut algers skattfrelsis. — Síðar var svo sú breyting gerð á, sem mönnum mun fersk í minni, að með lögum nr. 34, 29. maí 1957 er Útvegsbankinn gerður að hreinum ríkisbanka, eða eins og það er orðað í fyrstu grein laganna, með leyfi hæstvirts forseta: „Útvegsbanki Íslands er sjálfstæð stofnun, sem er eign ríkisins“, og í 4. gr. segir: „Ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum Útvegsbanka Íslands.“

Eins og útvegurinn var talinn þurfa sinn banka, þannig var og orðið við óskum landbúnaðarins og með lögum nr. 115 frá 7. nóv. 1941, er Búnaðarbanki Íslands stofnaður. Hreinn ríkisbanki, þar sem ríkissjóður ber ábyrgð á öllum skuldbindingum, og nýtur bankinn algers skattfrelsis.

Þá var röðin komin að iðnaðinum, sem fékk sína úrlausn með „lögum um stofnun og rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. nr. 113 frá 29. des. 1951“. Hér var enn á ný um nýtt rekstrarform að ræða því að Iðnaðarbankinn var hlutafélag þar sem meirihluti fjármagns, eða 3,5 milljónir af 6,5 millj. stofnfé, var í einkaeign, en minnihlutinn 3 millj. eign ríkissjóðs. — Bankinn naut fullkomins skattfrelsis.

Ekki verður þessari upptalningu lokið, svo að tæmandi sé nema getið sé Framkvæmdabankans, sem settur var á laggirnar með lögum um Framkvæmdabanka Íslands nr. 17. frá 10. febr. 1953. Þar er um að ræða hreinan ríkisbanka, með stofnfé frá ríkissjóði, rekinn á ábyrgð ríkisins og njótandi fullkomins skattfrelsis.

Á þessum 75 árum, sem íslensk bankasaga spannar senn yfir, höfum við sem sagt kynnt þessum bankaformum:

ríkisbönkum með skattfrelsi,
einkabanka, sem að meiri hluta var eign erlends fjármagns, með takmörkuðu skattfrelsi,
einkabanka, sem var hlutafélag þar sem einka-fjármagn átti meirihluta, en ríkið þó nokkurn hluta fjármagnsins og naut hann fullkomins skattfrelsis,

hlutafélagsbanka, þar sem ríkið átti meirihluta fjármagns, en einstaklingar þó nokkurn hluta og gildi einnig um þá algert skattfrelsi.

Höfuðatvinnuvegir hafa hver sinn banka

Nú stöndum við frammi fyrir því að enn ein atvinnustéttin óskar eftir að fá að stofna sinn banka og hyggst reka hann sem hlutafélag, einkabanka, algerlega í eigu og á ábyrgð innlendra einstaklinga og óskar eftir að fá að njóta til þess sömu fríðinda og önnur bankastarfsemi í landinu, sem er með öðru rekstrarfyrirkomulagi, þ. e. a. s. skattfrelsis. Það er sameiginleg skoðun fjárhagsnefndar háttvirtrar deildar að slíkt sé eðlileg og sanngjörn krafa, sem Alþingi beri að verða við, svo fremi önnur bankastarfsemi njóti þeirra hlunninda.

Þeir höfuðatvinnuvegir: sjávarútvegur, landbúnaður og iðnaður hafa eignast sína banka. Það er því skiljanlegt, að sá fjórði, verzlunin, vilji sigla í kjölfarið. — Það hefur töluvert vatn runnið til sjávar frá því fyrstu íslenzku kaupmennirnir, Bjarni Sívertsen, Gísli Símonarson og Guðmundur Scheving hösluðu sér völl. Sá frumbýlingsbúskapur á sviði verzlunar og viðskipta, hefur orðið að sjálfstæðum atvinnuvegi og að honum standa fjölmennar starfsstéttir. Þróunin hefur hvað rekstrarform snertir að visu að mestu runnið í tvo farvegi. Samvinnureksturinn, sem hefst með stofnun Kaupfélags Suður-Pingeyinga á Húsavík árið 1882 og þróast áfram í formi heildar-samvinnusamtaka, sem mynduð eru árið 1902 og árið 1909 taka upp heitið Samband íslenzkra samvinnufélaga. Samtaka, sem árið 1917 setja á fót eigin skóla, Samvinnuskólann og árið 1954 opna sinn sparisjóð, Samvinnusparisjóðinn. Sem sagt öflug verzlunarsamtök, með fjölþættan rekstur, sem aðrir munu þó kunna betri skil á en ég.

Verzlunarsparisjóðurinn

Meirihluti viðskiptaelfinnar hefur þó fram til þessa runnið eftir farvegi einkaatvinnurekstrarins, þótt með mismunandi rekstrarformi hafi verið. Vörðurnar á þeim vegi eru vitaskuld mýmargar frá því árið 1905 að Verzlunarskóli Íslands var stofnaður og þeir Garðar Gíslason og Ólafur Johnsen voru að koma fótum undir fyrstu íslenzku stórsöluurnar. Árið 1917 mynda kaupsýslumenn með sér heildarsamtök, Verzlunarráð Íslands og síðar fjölda sérsamtaka. Eitt eftirminnilegasta dagsverk þess-

arar þróunarsögu verður þó væntanlega að dómi síðari tíma talið myndun Verzlunarsparisjóðsins, sem er fyrirrennari og sá grunnur, sem ætlað er að byggja Verzlunarbanka Íslands á.

Aðdragandann að myndun sparisjóðsins má rekja til ársins 1953, er nefnd var skipuð af Sambandi smásöluverzlana og Verzlunarráði Íslands til þess að undirbúa stofnun sparisjóðs. Nefndin boðaði til stofnfundar 4. febrúar 1956 og voru stofnendur 310 einstaklingar og fyrirtæki. Sparisjóðurinn tók til starfa hinn 28. sept. 1956. Þegar frá upphafi gætti almenns áhuga meðal verzlunar- og kaupsýslustéttarinnar á viðgangi þessarar stofnunar, ekki eingöngu vegna vaxandi lánsfjárþarfar, eða af því að verzlunin fengi ekki allgóða fyrirgreiðslu í öðrum lánastofnunum, sem báru nafn annarra atvinnuvega, heldur vegna þess að hjá verzlunarstéttinni virtist vaknaður einhver metnaður til að stuðla að uppbyggingu á peninga- og lánastofnun í líkingu við það, sem aðrir höfuðatvinnuvegir þjóðarinnar höfðu komið sér upp.

Verzlunarsparisjóðnum óx skjóttalega fiskur um hrygg. Þannig að heildarinnistæður í sparisjóðnum, sem í lok fyrsta starfsársins, ársins 1956, voru aðeins röskar 23 milljónir kr., voru í árslok 1959 orðnar 153,5 millj. kr. og þar af sparifjárinntæður 113,6 milljónir og hlaupareikningsinntæður 39,9 millj. Í lok síðasta starfsárs voru sparisjóðsreikningar sjóðsins orðnir 5400 að tölu og hlaupareikningar um 1100. Svo fjölmargir viðskiptamenn sjóðsins voru auðvitað hvergi nærri einskorðaðir við stétt verzlunar- og kaupsýslumanna, og gildi það raunar bæði um innlög í sparisjóðinn og útlán úr honum, samkvæmt upplýsingum forráðamanna sjóðsins.

Verzlunarbanki

Á stofnfundi Verzlunarsparisjóðsins 1956 var því lýst yfir, að myndun þessa sparisjóðs væri hugsuð sem fyrsti vísir að verzlunarbanka, og hefur sú viljayfirlýsing síðar verið áréttuð á hverjum aðalfundi sjóðsins af öðrum.

Hæstvirt ríkisstjórn hefur nú orðið við þessum tilmælum verzlunarstéttarinnar og borið fram frumvarp til laga um Verzlunarbanka Íslands hf.

Ótal rök virðast styðja þetta lagafrumvarp, svo sem og hæstvirtur viðskiptamálaráðherra gerði grein fyrir í framsöguræðu við fyrstu umræðu frumvarpsins. Meðal slíkra raka má telja:

1) Hversu umfangsmikil viðskipti þessarar stofnunar eru orðin eins og greint hefur verið frá.

2) Verzlunarstéttin fengi með þessu frumvarpi, ef að lögum verður, svipaða fyrirgreiðslu og aðrar atvinnustéttir hafa hlotið við stofnun Útvegsbanka, Búnaðarbanka og Iðnaðarbanka.

3) Í nágrannalöndum eru alls staðar starfandi verzlunarbentar með líku sniði og hér er gert ráð fyrir.

4) Hagur lánastofnunar, sem rekin er í hlutafélagsformi, er tryggilegri, þar sem auðveldara er að safna hlutafé til banka, en ábyrgðarfé í sparisjóð.

5) Verzlunarbentur myndi njóta nokkurra hlunninda fram yfir það sem sparisjóður nýtur samkvæmt lögum.

6) Það skiptir og nokkru fyrir lánastofnun vegna viðskipta við útlönd að hafa rétt til að nefnast banki.

Margt fleira mætti og nefna máli þessu til brautargengis, en ástæðulaust að lengja orðræður um það.

